



Alþingi
Erindi nr. P 143/823
komudagur 27.12.2013

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi – umhverfis- og samgöngunefnd
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík 20. desember 2013

1311063SA KB/km
Málalykill: 401

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um myglusvepp og tjón af völdum hans

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 13. desember 2013 var lagður fram til kynningar tölvupóstur sambandsins til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, dags. 21. nóvember 2013, þar sem tekið er undir umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands vegna þingsályktunartillögu um myglusvepp og tjóns af völdum hans.

Eiríkur Björn Björgvinsson tók málið upp og lagði fram eftirfarandi bókun:

„Ég lýsi mig í meginatriðum ósammála umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands (HES) frá 13. nóvember 2013 og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) dagsett 19. nóvember 2013, ásamt tölvupósti sviðstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dagsettur 21. nóvember 2013, er varða umsögn um þingsályktunartillögu um endurskoðun laga og reglna með tilliti til myglusveppa og tjóns af völdum þeirra – 96. mál.

Ég geri engar athugasemdir við þingsályktunartillöguna enda er hún unnin á vandaðan og faglegan hátt og tek ég undir þann hluta umsagna HES, HER og sviðstjóra er styðja tillöguna. Í ábendingum/athugasemdum HES, sem hinir styðja varðandi mögulega vinnu starfshóps, koma hinsvegar fram rangtúlkanir og fullyrðingar sem standast ekki skoðun. Sú framsetning hefur sannfært mig enn frekar um að ekki sé vanþörf á að skoða opinber viðmið og uppræðslu til allra er hafa aðkomu að myglusveppavandamálum, svo koma megí í veg fyrir rangt mat fagstétta sem eingöngu hafa yfirborðsþekkingu á málefninu.“

Meðfylgjandi er greinargerð Eiríks Björns Björgvinssonar sem lögð var fram með bókuninni.

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
Framkvæmdastjóri

Fylgiskjal: Greinargerð Eiríks Björns Björgvinssonar

GREINARGERÐ:

HES slítur orð úr samhengi í greinargerðinni með þingsályktunartillögunni, með fullyrðingu sinni um að þar komi fram að ein helsta ástæða sveppamyndunar sé léleg loftræsting og fylgir því svo eftir með eigin reynslusögu um að helstu ástæðu rakakemmda í húsnæði megi rekja til umgengni íbúa, m.a. lélegrar loftræstingar. Í greinargerðinni stendur hinsvegar orðrétt:

„Algengasta orsök þess að myglusveppir dafna innan húss er vatnsleki og raki en einnig er algengt að loftun í lokuðum rýmum sé ekki nægileg og þar með hætta á að rakabætting skapi góðar aðstæður fyrir vöxt þeirra.“

Með „loftun í lokuðum rýmum“ er átt almennt við rými þar sem ekki hefur verið hugsað fyrir nægilegri loftun þ.m.t. þétt holrými án lofttúða (þök, skriðkjallarar, bak við klæðningar og innréttingar, þar sem myndast kuldabryr o.s.frv.). Fagaðili í greiningu myglusveppavandamála býr yfir nægilegri þekkingu til að greina muninn á raunverulegu rakavandamáli og lítilsháttar myglu á köldum flötum og við rúður vegna lélegrar loftræstingar íbúanna. Mikilvægt er að fræða íbúana um hvernig tryggja megi loftgæði innandyrna en í fæstum tilfellum er umgengni þeirra um að kenna þegar alvarleg mygluvandamál koma upp.

HES er ósammála því sem fram kemur í greinargerðinni um að opinberir eftirlitsaðilar eigi erfitt með að meta húsnæði óíbúðarhæft vegna myglu vegna skorts á opinberum viðmiðum og telur eigin matskennd við skoðun á húsnæði nægja, þar sem gilda almennar kröfur um birtu, loftræstingu og upphitun. Staðreyndin er sú að skv. Alþjóðheilbrigðisstofnuninni (WHO) þá kallast það rakavandamál þegar nægur raki myndast í byggingarefnum sem þarf til að mygla og aðrar rakasæknar lífverur nái að dafna innandyrna. Þess vegna þarf að skoða byggingar með tilliti til þess þegar meta á mygluvandamál. Loftraka- og hitamælar duga ekki til. Þá er góð loftræsing, birta og vel kynnt húsnæði ekki ávísun á húsnæði án raka- og mygluvandamála. Mikið er í húfi að vandamálið sé rétt greint og að viðbrögðin séu í samræmi við þá sérþekkingu sem orðið hefur til um mygluvandamál. Óþarfi er fyrir Íslendinga að finna upp hjólið og nægir að líta til nágrannalanda, eins og Finnlands sem er mjög framarlega í opinberum aðgerðarviðmiðunum á þessu sviði.

Í umsögn HES kemur fram að raki og rakamyndun sé sýnilegasta dæmið um mögulega tilvist myglu/myglugróa og byggji að mestu á sjónmati umfram sýnatöku þegar staðreyndin er sú að myglu- og rakavandamál geta verið falin og aðeins fjórðungur raka- og myglusveppatilfella er sjáanleg á norðlægum slóðum, eins og réttilega kemur fram í greinargerðinni. Oftast sjást aðeins þau mygluummerki sem eru minniháttar vandamál og sem auðvelt er að leysa með þrifum. Þetta gæti skýrt þá reynslu sem HES hefur af fjölda rakavandamála þar sem loftræsting íbúanna reyndist ábótavant og að greina alvarleg dulin rakavandamál standi þar með utan þeirra þekkingarsviðs.

Það kemur einnig fram góð ábending í umsögn HES þess efnis að túlkun sýnatöku sé vandasöm. Þá er væntanlega einnig átt við loftsýnatökur sem eru taldar afar takmarkaður mælikvarði. Því er mikilvægt að útbúa einhver viðmið eða leiðbeiningar um sýnatökur og ekki takmarka þær við loftsýni.

HES slær fram villandi fullyrðingu um að eingöngu hluti myglu/gróa kalli fram ónæmisviðbrögð hjá fólki og sem betur fer séu fáir útsettir fyrir þeim. Þetta er með öllu ósannað. Sannleikurinn er hinsvegar sá að áhrif myglusveppa á heilsufar eru ekki eingöngu bundin við ofnæmi og mjög lítil hluti þess fólks sem veikist er með ofnæmi fyrir myglusveppum. Myglusveppi í húsnæði þarf alltaf að fjarlægja og skv. skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar er raki í húsnæði einfaldlega heilsuspillandi.

HES hefur áhyggjur af því að komi til þess að hægt verði að sækja bætur vegna myglusveppavandamála, kunni leigjendur og/eða eigendur húsnæðis að reyna að misnota sér það og möguleiki á bótum gæti jafnvel ýtt undir óæskilega hegðun í umgengni við húsnæði. Tilurð bótakerfisins getur tæplega orðið hvatinn að slíku framferði og áhyggjur þess efnis ættu ekki að þurfa að vera meiri en vegna annarra bótamála. Þá vill HES að tryggt verði að aðeins þeir sem búa við myglu vegna galla í húsnæði eigi möguleika á að sækja sér bætur. Í nánast öllum tilvikum ætti að vera hægt fyrir faglegan matsmann að greina hvaða ástæða liggur að baki myglusveppavandamáli. Hér sem og í öðrum þáttum er hægt að leita í reynslubanka annarra þjóða sem eru framarlega á þessu aðgerðarsviði. Finnar eru t.a.m. með sérstakan styrktarsjóð og mjög strangt kerfi þar sem fólki sem býr við myglusveppi er markvisst hjálpað að leita sér fagaðstoðar sem bótaréttur þess byggist svo á.

Eiríkur Björn Björgvinsson